

Pétur Davíðsson

From: Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir
Sent: föstudagur, 25. október 2024 14:17
To: Atli Björn E Levy
Cc: Pétur Davíðsson; on@on.is; Jón Eiríkur Einarsson
Subject: Andakílsárvirkjun
Attachments: Afgreiðsla skip bygg nefndar_183.pdf

Sæll Atli Björn,

Sendi hér afgreiðslu síðasta fundar skipulags- og byggingarnefndar er varðar framkvæmdaleyfisumsókn jarðvegsstíflu við inntakslón Andakílsárvirkjunar. Það er allra hagur að klára þetta og að sátt skapist um málíð. Endilega vertu í samandi ef að einhverjar spurningar vakna.

Með kveðju,

Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir, skipulagsfulltrúi Skorradalshrepps

www.skorradalur.is - skipulag@skorradalur.is - símatími skipulagsfulltrúa er á þriðjudögum á milli kl. 10-12 - sími á skrifstofu sveitarfélagsins er: 431 1020



Skorradalshreppur

Orka náttúrunnar ohf.
Bæjarhálsi 1
110 Reykjavík

2309003 SÓÁ

Tilkynning um afgreiðslu skipulags- og byggingarnefndar

Jarðvegsstífla við inntakslón Andakílsárvirkjunar, framkvæmdaleyfisumsókn

Á 183. fundi skipulags- og byggingarnefndar þann 22.10.2024 var eftirfarandi erindi tekið fyrir:

Á 195. fundi hreppsnefndar var samþykkt að framkvæmdaleyfisumsókn yrði grenndarkynnt sbr. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulags- og byggingarnefnd telur mikilvægt að sýnt sé fram á að jarðvegsstífla sé staðfastlega og sannarlega innan lóðar umsækjanda, en engin frekari gögn hafa borist frá umsækjanda er varðar það. Í gr. 5.9.2 í skipulagsreglugerð er kveðið á um að með bréfi til nágranna skuli fylgja hönnunargögn, sbr. grein 5.9.7. Það er mat nefndarinnar að ef gögn eru ófullnægjandi að þá á ekki að fara með málið í grenndarkynningu. Ef sveitarfélag fer með mál í grenndarkynningu þá kunna að skapast hjá viðkomandi hagsmunaaðilum réttmætar væntingar um að öll gögnin séu fullnægjandi og í samræmi við reglugerð um framkvæmdaleyfi og skipulagsreglugerð. Hagsmunir nágranna kunna enn fremur að skaðast/skerðast vegna ófullnægjandi gagna og andmæli og/eða athugasemdir nágranna kunna einnig að vera öðruvísi ef gögnin væru fullnægjandi.

Skipulags- og byggingarnefnd felur skipulagsfulltrúa að fara þess á leit við umsækjanda framkvæmdaleyfisumsóknar að afhenda fullnægjandi grenndarkynningar gögn svo hægt verði að grenndarkynna hana í ljósi afstöðu nefndarinnar.

Í ljósi ofangreindrar bókunar nefndarinnar fer skipulagsfulltrúi þess á leit við Orku náttúrunnar ohf. að afhenda fullnægjandi grenndarkynningargögn í samræmi við reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.

Hvanneyri 25. október 2024
Virðingarfyllst,


Sigurbjörg Ósk Askelsdóttir
skipulagsfulltrúi